



Áveitan

6. tbl. 18. árgangur. Júní 2024

FLÓAHREPPUR

Fjör í Flóa
31. MAÍ - 1. JÚNÍ
2024

HLÖKKUM
TIL AÐ SJÁ
YKKUR

Skannaðu kóðann
til að sjá dagskrána!

Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Hallfríður Ósk Aðalsteinsd. halla@floahreppur.is
Oddný Ása Ingjaldsdóttir oddnyasa@gmail.com

845-9719
865-5692

Pistill frá sveitarstjóra Flóahrepps í júní



Sigga á Grund fyrsti heiðursborgari Flóahrepps

Á 80 ára afmæli Sigríðar Jónu Kristjánsdóttur "Siggsu á Grund" þann 30. maí var hún gerð að fyrsta heiðursborgara Flóahrepps. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti einróma að velja hana sem heiðursborgara enda er hún útskurðarmeistari á heimsmeðlíkvarða og liggja stjórkostleg listaverk hennar víðsvegar innan lands sem

utan. Ljóst er að Sigga á Grund hefur með verkum sínum stuðlað að jákvæðri ímynd sveitarfélagsins og er ævistarf hennar í listinni stórkostlegt afrek í þágu lands og þjóðar.

Ársreikningur Flóahrepps 2023

Á fundi sveitarstjórnar þann 14. maí staðfesti sveitarstjórn

ársreikning Flóahrepps 2023.

Niðurstaða ársreiknings er um 119 milljónum kr. betri en áætlun ársins gerði ráð fyrir en rekstrarniðurstaða A og B hluta var jákvæð um 105,5 millj. kr., Fjárhagsáætlun með viðaukum gerði ráð fyrir neikvæðri niðurstöðu um 13,3 millj. kr. frá samstæðu.



Hér má sjá nokkrar lykiltölur úr ársreiningi Flóahrepps 2023 þegar horft er á A og B hluta:

Samkvæmt ársreikningi sveitarfélagsins námu rekstrartekjur 1.190 millj.kr.

- Veltufé frá rekstri nam 154,9 millj. kr.
- Bókfært verð eigna sveitarfélagsins nam 1.179,1 millj. kr. í árslok 2023
- Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 819,5 millj. kr.
- Skuldir og skuldbindingar sveitarfélagsins námu samtals 359,6 millj. kr. í árslok.
- Handbært fé í árslok var 279 millj. kr.
- Fjárfestingar á árinu 2023 námu 97,7 millj. kr í A og B hluta. Stærsti hluti fjárfestinga var í vatnsveitu sveitarfélagsins.
- Skuldahlutfall sveitarfélagsins í árslok 2023 nam 30,2% í A og B hluta en það er langt undir leyfilegu hámarki.
- Rekstrarjöfnuður á þriggja ára tímabili (2021-2023) er jákvæður um 99,3 millj. kr. í A og B hluta.

Hlutfall launa og launatengdra gjalda af rekstrartekjum í A og B hluta nemur 50,7% en áætlun gerði ráð fyrir 54,7%.

Niðurstöður ársreiknings 2023 sýna góða stöðu sveitarfélagsins og eru gott veganesti inn í komandi framkvæmdir við Flóaskóla, uppbyggingu við Þingborg og áframhaldandi uppbyggingu innviða svo sem vatnsveitu sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn vill þakka stjórnendum og starfsmönnum sveitarfélagsins fyrir þeirra mikilvæga framlag er varðar ábyrga rekstrarstjórnun innan deilda sveitarfélagsins og gott utanumhald og eftirlit.

Fjör í Flóa

Vorhátíðin í Flóahreppi “Fjör í Flóa” fer fram dagana 31. maí – 1. júní. Staðið er fyrir fjölda viðburða svo sem opin hús, fjölskylduganga, jóga, kökuskreytingakeppni, skemmtikraftar, hoppukastalar, kassabílarallý, torfærubílar, handverks- og listasýningar ásamt blómasölu og kökubasar svo fátt eitt sé nefnt!

Hátíðin er orðin föst í sessi í sveitarfélaginu og eru það íþróttáæskulýðs- og menningarnefnd sveitarfélagsins, ungmennafélagið Þjótandi og kvenfélögin í Flóahreppi sem eiga heiðurinn af undirbúningi og skipulagi hátíðarinnar. Fyrir þeirra framlag erum við sem fáum að njóta hátíðarinnar virkilega þakklát. Í litlu samfélagi eins og Flóahreppi skiptir máli að hafa fólk sem er

tilbúið að koma að viðburðum eins og Fjör í Flóa og leggja í það metnað sinn og vinnuframlag.

Öflugt starf í skólunum okkar!

Skólarnir okkar halda áfram að gera frábæra hluti en metnaðurinn og fagmennskan í starfinu er til eftirbreytni og vekur athygli hvar sem komið er. Á undanföllum vikum hefur Flóaskóli sem dæmi tekið þátt í langspilsverkefni með Sinfóníuhljómsveit Íslands í Hörpunni, haldið frábæran fjölskyldudag þar sem hægt var að koma ríðandi í skólann ásamt því að ná frábærum árangri í Skólahreysti en Flóaskóli stóð uppi sem sigurvegari í úrslitum Skólahreysti undir lok mánaðar. Fjölbreytt starf og eitthvað fyrir alla!



Í leikskólanum Krakkaborg er sömuleiðis alltaf nóg um að vera. Elsti árgangur leikskólans fór í heila viku í vorskóla í Flóaskóla en þar fer fram mikilvæg aðlögun og undirbúningur fyrir færslu á milli skólastiga. Ýmsir uppbrotsdagar hafa verið undanfarið, heimsókn starfsmanna Krakkaborgar í leikskóla á svæðinu ásamt því að taka á móti starfsmönnum annarra leikskóla sem kynntu sér starfið í Krakkaborg. Vorhátíð er haldin árlega í Krakkaborg og framundan er útskrift elsta árgangs leikskólans ásamt útskriftarferð.

Skráningardagar í Krakkaborg á næsta skólaári

Sveitarstjórn tók fyrir erindi frá foreldraráði Krakkaborgar og bókun fræðslunefndar á fundi sínum þann 7. maí varðandi hugmyndir um breytingar á þeim dögum sem leikskólinn er opin til að mæta styttingu

vinnuvikunnar hjá starfsmönnum. Hugmyndin miðaði að því að loka leikskólanum á sama tíma og haust- og vetrarfrí eru í Flóaskóla, loka í dymbilviku og á milli jóla og nýárs.

Sveitarstjórn bókaði um mikilvægi þess að halda uppi þeirri góðu þjónustu sem verið hefur undanfarin ár og samþykkti að halda opnunartíma leikskólans óbreyttum frá fyrir skólaárum þ.e. að ekki verði lokað í haust- og vetrarfríum, milli jóla og nýárs og í dymbilviku en farin verði sú leið að skilgreina skáningardaga á ofangreindum dögum í skóladagatali. Vinnutímastytting er þá útfærð í samræmi við fjölda barna á þessum dögum. Sveitarstjórn samþykkti jafnframt að fella niður leikskólagjöld og fæðisgjöld ef barn er ekki skráð á skilgreindum skráningardögum.

Vinnuskóli Flóahrepps

Vinnuskóli fyrir unglinga verður starfræktur í Flóahreppi á 7 vikna tímabili frá byrjun júní. Í kringum 20 unglingar hafa sótt um og fengið vinnu og búið er að ráða tvo verkstjóra sem eru þau Sigurður Þór Emils-son og Þórunn Sturlu-dóttir Schacht. Verkefni eru fjölbreytt við fegrun umhverfisins. Krakkarnir hafa einnig kost á því að starfa innan leikskólans



hluta af tímanum, vinna sem aðstoðarmenn á leikjanámskeiði Þjótanda og við reiðskóla Sleipnis skv. samstarfssamningi sem Flóahreppur er með við hestamannafélagið. Einnig hefur vinnuskólinn lagt fram vinnuframlag í kirkjugörðum innan Flóahrepps og margt fleira.

17. júní og 80 ára afmæli Lýðveldisins Íslands

Íslenska Lýðveldið var stofnað á Þingvöllum þann 17. júní 1944 og fagnar því 80 ára afmæli á árinu. Í Flóahreppi verður haldið upp á daginn en stefnt er að halda daginn hátíðlegan í Einbúa ef veður leyfir. Kvenfélögin og Ungmennafélagið Þjótandi hafa séð um skipulag á hátíðarhöldunum

undanfarin ár en fulltrúi úr íþróttá- æskulýðs- og menningarnefnd á einnig fulltrúa í undirbúningshópnum. Sveitarfélagið mun koma að hátíðarhöldunum á þann hátt að styðja við undirbúning, umhirðu á svæðinu og fleira. Einnig verður heimsókn sveitarstjóra til íbúa sem eru 90 ára og eldri endurtekin enda ómetanlegt að hafa tækifæri til þess að hitta elstu íbúa sveitarfélagsins á þessum hátíðisdegi.

Dagskrá á 17. júní verður nánar auglýst á heimasíðu og á miðlum þegar nær dregur.

60+ félagsstarf í Flóahreppi

Starf 60+ fór formlega af stað í maí. Halla Kjartansdóttir og Helena Hólm

ásamt fulltrúum úr íþróttá- æskulýðs- og menningarnefnd stóðu fyrir fyrsta fundi og var mæting mjög góð. Ákveðið var að hittast ca. á þriggja vikna fresti næsta vetur. Hópurinn mun hittast fyrir sumarfrí í Þjórsárveri þann 12. júní milli 16:00 -18:00 og ætlar Elmar



Viðarsson kennari í

Flóaskóla að kenna hópnum píluleiki og frisbígolf. Félagsstarfið er opið öllum íbúum í Flóahreppi sem eru 60 ára og eldri.

Búið er að stofna hóp á Facebook og er hægt að óska eftir aðild að hópnum hér:

<https://www.facebook.com/groups/691773309699893>

Klippikort/inneignarkort í sumar

Þar sem skrifstofa Flóahrepps verður lokuð dagana 15. júlí – 5. ágúst þá verður hægt að nálgast klippikortið/inneignarkortið á gámasvæðinu í Hrísmýri á því tímabili. Nánari upplýsingar verða settar á heimasíðu Flóahrepps.

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri

SKÓGRÆKTARFÉLAG VILLINGAHOTLSHREPPS

Kæru félagar, við stefnum á vinnukvöld í Skagás, **fimmtudaginn 13. júní nk. kl. 19:30***.

Verkefni kvöldsins eru að kurla greinar og setja upp skiltið okkar sem sýnir gönguleiðir um skógarreitinn okkar.

Margar hendur vinna létt verk eins og áður.

Við mælum með að grípa með sér léttu hressingu fyrir smá auka stemmingu.

Við minnum á að í ágúst er stefnt á að kíkja í gönguferð í Haukadalsskóg og fá leiðsögn staðarhaldara um svæðið. Nánar auglýst síðar þegar nær dregur.

Kveðja *Stjórnin*

*með fyrirvara um breytingar vegna veðurs

Þeir félagsmenn sem vilja fá plöntur hjá félaginu geta sent inn pöntun til Erlu (s. 849 0502 eða á facebook). Frestur til að senda inn pöntun er til 15. júní. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hvaða plöntur félaginu verður úthlutað. Gert er ráð fyrir að afhending verði seinnipart júní.

Vorfundur Kvenfélags Villingaholtshrepps

Vorfundurinn okkar verður haldinn þriðjudaginn 11. júní n.k. Staðsetning og nánari tímasetning verður auglýst síðar. Takið kvöldið frá.

Stjórnin



Fjölskyldu og menningarhátíð í Flóahreppi

Fjör í Flóa

31. MAÍ-1. JÚNÍ 2024



Föstudagur 31. maí

10:00 - 17:00 Ullarvinnslan Þingborg Gamla Þingborg, opið hús.

10:00 - 16:30 Gallerí Flói Gamla Þingborg, opið hús.

10:00 - 12:00 Skrifstofa Flóahrepps opið hús, myndir frá starfsemi sveitarfélagsins síðustu mánuði verði velkomin í kaffi, kökur og spjall.

14:00 - 16:00 Leikskólinn Krakkaborg opið hús, verði hjartanlega velkomin á myndlistarsýninguna okkar.

13:00 - 17:00 Tré og list opið hús tónlist og leiðsögn í safninu, aðgangseyri kr.1800.- frítt fyrir börn.

13:00 - 18:00 Íslenski bærinn opið hús stungið verður torf og dregið fram hleðslugrjót, heitt á könnunni og torfsúkkulaði í boði.

16:15 Jóga í Þjórsárverri Úti Jóga ef verður leyfir (annars fært inn).

Boðið verður upp á mjúkt jógaflæði fyrir fullorðna sem og börn. Nærandi stund fyrir alla fjölskylduna. Allir velkomnir.

19:45 Fjölskyldu kvöldganga í Súluholtshverfinu. Mæting á hlaðið í Súluholti. Gangan hefst kl.20:00, er um 3,5 km og létt yfirferðar.

Hlökkum til að sjá ykkur, allir velkomnir.

Laugardagur 1. júní

10:00 - 22:00 Félagsslundur kjörstaður vegna forsetakosninga

Opin hús í Flóahreppi

10:00 - 17:00 Ullarvinnslan Þingborg Gamla Þingborg, opið hús.

10:00 - 16:00 Gallerí Flói Gamla Þingborg, opið hús.

11:00 - 17:30 Myndlistarsýning á Hofi í Flóahreppi Gunnar Sigdís Gunnarsdóttir tekur á móti gestum á heimili sínu. Til sýnis verða olíu og vatnslitamyndir verði velkomin að líta við. Keyrt inn Sölvholts afleggjara á Gaulverjabæjarvegi.

12:00 - 15:30 Gestgjafar á gistiheimilinu Bitru taka á móti gestum allir velkomnir að líta við í kaffi, kökur og spjall.

13:00 - 16:00 Markaður á Hallanda opið hús, prútt- og fataskiptimarkaður á hlaðinu. Ingunn og Berglind taka vel á móti ykkur

13:00 - 17:00 Tré og list opið hús, tónlist og leiðsögn í safninu, aðgangseyrir kr.1800.- frítt fyrir börn.

13:00 - 18:00 Íslenski bærinn opið hús, stungið verður torf og dregið fram hleðslugrjót heitt á könnunni og torfsúkkulaði í boði

12:00 – 17:30 Þingborg dagskrá

Kökubasar kvenfélaganna verður á staðnum ásamt nýbókudrum vöflum og kaffi. Fjölbreyttir sölubásar og spennandi sýningar.

Kristín Stefánsdóttir og Freyja Kristín Guðjónsdóttir verða með vandaða handverkssýningu. Eiríkur Árnason verður með spennandi legósýningu. Myndlistarkonan Helga Kristjánsdóttir sýnir verk sín. Tálgað handverk eftir Geir Baldursson.

Ungmennafélagið mun halda utan um skemmtilega dagskrá: andlitmáling, kökuskreytingakeppni, kandifloss, kassabilarally og pýlsusalan verður að sjálfsgöðu á sínum stað.

Menningarnefnd Flóahrepps verður með sumarblómastand á meðan að birgðir endast.

Ragnar Sigurjónsson kemur með hænur og dúfur til að sýna hátíðargestum.

Landbúnaðartækjasýningin verður glæsileg að vanda - sjón er sögu ríkari. Ferguson félagið mun standa fyrir sýningu á gömlum dráttarvélum af öllum gerðum.

Torfærukúlubburinn verður með trylla torfærubíla til sýnis.

Hoppukastalar frábær skemmtun ekki láta þetta framhjá þér fara! Eitthvað fyrir alla.

Jóhanna í Spákofanum mætir á Fjör í Flóa. Viltu vita eitthvað um framtíðina, ástina, fá ráð í gegnum tarot, rúnir og margt fleira spennandi líttu þá við.

12:15 - 12:45 Kökuskreytingakeppni Umf. Þjótanda Skemmtileg keppni fyrir alla krakka 16 ára og yngri og mega keppendur keppa einir og sér eða skrá sig saman í lið. Skráning fer fram á heimasíðunni www.floahreppur.is. Skráningu lýkur á hádegi 31. maí.

13:00 Árni Beinteinn mætir í Þingborg og skemmtir gestum á öllum aldri.

13:30 Tilkynt verður um kjör á íþróttafólki Flóahrepps, menningarstýrkur veittur og verðlaunaafhending fyrir kökuskreytingakeppni.

14:00 Kassabilarally Umf. Þjótanda Keppnin er opin öllum en 2 einstaklingar keppa saman í liði, einn ökumaður og annar sem knýr kassabíllinn áfram. Skráning fer fram á heimasíðunni www.floahreppur.is. Skráningu lýkur á hádegi 31. maí.

15:30 Stórskemmtileg barnasýning um Drottninguna sem vissi allt eftir Gunnar Helgason.

16:00 Herbert Guðmundsson ásamt syni sínum flytja bestu slagarana, ekki missa af þessu!

Hlökkum til að sjá ykkur og eiga frábæra helgi saman í Flóahreppi.

Íþróttá-æskulýðs og menningarnefnd, Kvenfélagin og ungmennafélagið Þjótanda.

Finnið okkur facebook síðu Fjör í Flóa, instagram menningifloa og á heimasíðu Flóahrepps fyrir frekari upplýsingar.



Kvenfélagin í Flóahreppi



velliðan fyrir alla

Leikjanámskeið Umf Þjótanda



Þjótandi stendur fyrir leikjanámskeiði í júní eins og undanfarin ár. Námskeiðið verður í 9 daga á tímabilinu 5. - 18. júní frá kl 8:30 - 11:00.











Námskeiðið fer fram á íþróttasvæðinu við Þjórásarver að mestu leyti. Iðkendur mæta með hollt og gott nesti með sér.

Námskeiðið er ætlað börnum sem voru að ljúka 1. - 6. bekk . Þjálfarar eru Örvar Rafn Hlíðdal og Unnur Bjarkadóttir.

Við tökum við skráningu á netfangið unnur@floaskoli.is. Hlökkum til að sjá sem flesta.

Örvar og Unnur

Leikjanámskeið Þjótanda 2024

		Miðvikudagur 5.júní	Fimmtudagur 6.júní	Föstudagur 7. júní	
Víkka 1		 Kynning og leikir	 Íþróttagreinir og leikir	 Skagás	
Háttunst við		Floaskóla kl 8:30	Floaskóla kl 8:30	Skagás kl 8:30	
Sækja við		Floaskóla kl 11:00	Floaskóla kl 11:00	Skagás kl 11:00	
	Mánudagur 10. júní	Þriðjudagur 11. júní	Miðvikudagur 12. júní	Fimmtudagur 13.júní	
Víkka 2	 Leikir við Þingborg	 Göngutúr og leikir	 Sundferð	 Boltaleikir	 Leikjadagur
Háttunst við	Þingborg kl 8:30	Floaskóla kl 8:30	Sundhöll Selfoss kl 8:30	Floaskóla kl 8:30	
Sækja við	Þingborg kl 11:00	Floaskóla kl 11:00	Leikvöll við sundlaug kl 11:00	Floaskóla kl 11:00	
	Mánudagur 17. júní	Þriðjudagur 18. júní			
Víkka 3	 17. júní - Fri	 Hjóladagur og fjör	<div data-bbox="546 1305 748 1455"> <p>Þjálfarar: Örvar Rafn Hlíðdal Unnur Bjarkadóttir Sími: 8235855 unnur@floaskoli.is</p> </div> <div data-bbox="792 1305 994 1455"> <p>Upplýsingar Tímasetning: 8:30-11:00 Hollt og gott nesti. Kostnaður - 8000 kr. á barn. Systknaafsláttur - 500 kr.</p> </div>		
Háttunst við		Floaskóla kl 8:30			
Sækja við		Forsæi 3 kl 11:00			

Þjótandaæfingar í sumar

Umf Þjótandi verður með æfingar í sumar fyrir krakka sem voru að ljúka 1. - 6. bekk.



Æfingarnar verða á miðvikudögum milli kl 20 og 21, á íþróttavellinum við Þjósárver. Þjálfarar eru þær Guðmunda Bríet Steindórsdóttir og Hanna Dóra Höskuldsdóttir.

Fyrsta æfing verður miðvikudaginn 19. júní.

Einnig verða leikjakvöld fyrir nemendur sem voru að ljúka 7. bekk og eldri á fimmtudagskvöldum milli kl 20 og 22.

Staðsetning er auglýst á facebook síðu félagsins hvert sinn. Fyrsta leikjakvöldið verður fimmtudaginn 20. júní.

Stjórnin

Frá viðburðanefnd 60+ í Flóahreppi

Við stefnum á að hittast aftur þann 12. júní n.k. í Þjósárveri milli kl.16-18 (húsið opnar kl.15:30).

Elmar kennari í Flóaskóla ætlar að kenna okkur píluleik og frísí golf. Hann útvegar sjálfur frísí diska. Á eftir ætlum við svo að grilla.




Það verður líka kaffi á könnunni ef einhverjir treysta sér ekki í íþróttæfingarnar.

Gott væri að fá að vita ca. mætingu og endilega látið vita ef ykkur vantar far til og frá viðburði í síma 8996685 (Helena).

Sjáumst eldhress
Nefndin

17. júní Flóahreppi



Íbúar hvattir til að draga íslenska fánann að húni


Íbúar 90 ára og eldri fá heimsókn frá
sveitarfélaginu

Hátíðardagskrá í Einbúa kl. 14:00

- Fótboltamót Þjótanda hefst kl. 14:00
- Leikir og fjör á vegum Þjótanda
- Fjallkonan og ávarp
- 80 ára afmæli lýðveldisins fagnað

*Lautarferðarstemming og afmælistaka í boði
af tilefni 80 ára afmæli lýðveldisins Íslands*

***Hvetjum sem flest til að mæta
og eiga góða stund saman***



Fréttir úr Flóaskóla



Nú er skólaárinu rétt að ljúka, á mánudag verður síðasti skóladagurinn og útskrift 10. bekkjar og síðan skólaslit á þriðjudag. Þá taka við nokkrir starfsdagar áður en starfsmenn fara í sumarfrí. Það er kærkomið fyrir alla bæði nemendur og starfsfólk að komast í sumarfrí eftir viðburðarríkan vetur. Síðustu dagar hafa einkennst af ýmiskonar vorferðum og útilegum. En það er að venju margt sem hefur drifið á dagana í skólanum í maí.

Víkuna 13.-17. maí var vorskólavika hjá okkur í skólanum. Þá komu verðandi 1. bekkingar í skólann og fengu að kynna flestu því sem biður þeirra í haust þegar grunnskólagangan hefst.

Litla upplestrarhátíðin var haldin hátíðleg hjá nemendum 4. bekkjar fimmtudaginn 16. maí og bar hún yfirskriftina *Að vera betri í lestri í dag en í gær*. Þetta var mjög hátíðlegur viðburður og ánægjulegt að sjá alla nemendur í 4. bekk taka þátt. Allir stóðu sig mjög vel og skiluðu sínum textum með þryði.

Úrslit Stóru upplestrarkeppninnar í Uppsveitum og Flóa fóru svo fram 23. maí. Valdir fulltrúar 7. bekkjar í Flóaskóla voru þau Bergþóra Dögg Þórbergisdóttir og Axel Örn Aitken Sævarsson. Þau stóðu sig mjög vel og voru skólanum sínum til sóma. Axel Örn fékk þriðju verðlaun.



Hið árvissa Royalkvöld 7.-10. bekkinga var haldið fimmtudagskvöldið 16. maí. Þetta var hin besta skemmtun, salurinn fallega skreyttur, nemendur stórglæsilegir í sínu fínasta þússi, veislumatur og ýmislegt gert til skemmtunar.

Fjölskyldudagur var síðan haldinn í Flóaskóla 22. maí, dagurinn

var helgaður hreyfingu og útivist. Boðið var upp á að koma á hestum í skólann og það voru hátt í 40 knapar sem nýttu sér það, nemendur, foreldrar, aðrir fjölskyldumeðlimir og starfsmenn. Jón í Villingaholti var svo rausnarlegur að lána girðingu undir hrossin svo hægt væri að geyma þau þar til farið var af stað heim eftir skóladaginn. Fjölbreytt dagskrá var í boði,



pílukast, þrautabraut, kassabílabraut, frisbygolf, reiðhjólabraut, leikjastöð, andlitsmálun, brauðbakstur við eldstæði og teymingu undir nemendum á hestum. Þá bökuðu nemendur í 9. bekk vöflur undir dyggri leiðsögn lóunnar



heimilisfræðikennara og buðu þær ásamt drykkjum til sölu. Sirkus Ísland skemmti í boði foreldrafélagsins. Loks var boðið upp á grillaða hamburgara. Þessi viðburður heppnaðist í alla





staði afar vel og það var einstaklega gaman að sjá hversu margir sáu sér fært að kíkja í heimsókn til okkar. Svo sannarlega dagur sem gaman væri að endurtaka í framtíðinni.

Laugardagurinn 25. maí var svo stór dagur í Flóaskóla. Þann dag fóru fram úrslit í Skólahreysti í Mýrinni í Garðabæ. Keppnin var ótrúlega spennandi en á endanum var ljóst að Flóaskóli vann keppnina, var jafn Laugalækjarskóla að

stigum en stóð oftar ofar í innbyrðis keppnum. Sannarlega eftirtektarverður árangur, enda sagði í Sunnlenska.is eftir keppnina: „Flóaskóli hefur stimplað sig inn sem einn af „stóru“ skólunum í Skólahreystinni og komist á verðlaunapall þrisvar sinnum á síðustu fjórum árum en skólinn sigraði einnig í keppninni árið 2022“.

Keppnislið Flóaskóla skipaði þau Ásrún Júlía Hansdóttir, David Örn Aitken Sævarsson, Helgi Reynisson og Karólína Þórbergsdóttir. Varamenn voru Magnea Bragadóttir og Kristófer Máni Andrason.



Eins og áður hefur komið fram standa fyrir dyrum ýmsar framkvæmdir í skólanum, þær sem unnið er að í fyrstu lotu snúa að bættri aðstöðu list- og verkgreina innan skólans. Frá miðjum mánuði hafa iðnaðarmenn verið að störfum og verður spennandi að sjá breytta ásýnd og aðstöðu þegar fólk mætir til starfa í ágúst.

Bestu kveðjur úr Flóaskóla
Þórunn Jónasdóttir

Héraðsleikar- og Aldursflokkamót HSK

11.-12. júní



Nú er komið að HSK mótinu í frjálsum íþróttum fyrir 14 ára og yngri. Mótið verður á Selfossvelli 11. og 12. júní og hefst kl 17:30 báða dagana. 10 ára og yngri keppa bara fyrra kvöldið en 11-14 ára bæði kvöldin.

Keppnisgreinar:

Héraðsleikar HSK

Stúlkur og piltar 10 ára: 60 m - 400 m- langstökk - kúluvarp- hástökk.

Stúlkur og piltar 9 ára: 60 m - 400 m- langstökk - kúluvarp.

Stúlkur og piltar 8 ára og yngri: 60 m - 400m- langstökk- kúluvarp.

Aldursflokkamót HSK- fyrri keppnisdagur

Stúlkur og piltar 14 ára: 600 m hlaup - 80m grindahlaup- hástökk - spjótkast.

Stúlkur og piltar 13 ára: 600 m hlaup - 60m grindahlaup- hástökk - spjótkast.

Stúlkur og piltar 12 ára: 600 m hlaup - 60m grindahlaup- langstökk - kúluvarp kk - spjótkast kvk.

Stúlkur og piltar 11 ára: 600 m hlaup - langstökk - kúluvarp kk - spjótkast kvk.

Aldursflokkamót HSK- seinni keppnisdagur

Stúlkur og piltar 14 ára: 100 m hlaup - 4x100 m boðhlaup - langstökk - hástökk - kúluvarp.

Stúlkur og piltar 13 ára: 100 m hlaup - langstökk- hástökk - kúluvarp.

Stúlkur og piltar 12 ára: 60 m hlaup - hástökk - kúluvarp kvk - spjótkast kk.

Stúlkur og piltar 11 ára: 60 m hlaup - hástökk - kúluvarp kvk - spjótkast kk.

Skráning er hjá Örvari á netfangið orvar@floaskoli.is í síðasta lagi um hádegi sunnudaginn 9. júní nk. Mikilvægt er að skrá fyrir þann tíma til að geta keppt.

Þjótandi ætlar að mæta með fjölmennt lið á mótið. Keppendur mæta á staðinn með foreldrum sínum og Örvar og Guðmunda Bríet taka á móti krökkunum kl 17:15. Þau stýra upphitun svo allir séu klárir að byrja að keppa kl 17:30.



ÁFRAM ÞJÓTANDI!

Vorferð kvenfélags Hraungerðishrepps

Mæting í Þingborg miðvikudaginn 5. júní kl 17:00 og sameinast í bíla. Farið í Tré og List að hitta Óla.

Matur kl 19:30 í Þingborg. Spilað og haft gaman saman og í boði að fara í heitu pottana.

Vinsamlega skráið ykkur á viðburðinn hjá Elsu í síma 6992749 eða á gbjornss@simnet.is.

Verði stillt í hóf, nánar auglýst síðar.

Kveðja, skemmtinefndin

Dósaöfnun verðandi 10. bekkjar

Við, krakkarnir í verðandi 10. bekk í Flóaskóla erum að safna dósum fyrir útskriftarferð okkar til Danmerkur næsta vor.

Við verðum á ferðinni um Flóahrepp í byrjun júní.

Sjáumst hress og takk fyrir stuðninginn.



Verðandi 10. bekkur í Flóaskóla

Dagskrá mánaðarins:

Fjör í Flóa	31. maí - 1. júní
Forsetakosningar	1. júní
Vorferð Kvenfélags Hraungerðishrepps	5. júní
Leikjanámskeið Þjótanda	5. - 18. júní
Vorfundur Kvenfélags Villingaholtshrepps	11. júní
Héraðsleikar og aldursflokkamót HSK	11. - 12. júní
60+ hittingur í Þjórárveri	12. júní
Vinnukvöld í Skagás	13. júní
17. júní hátíðarhöld í Einbúa	17. júní
Sumaræfing yngri	19. júní
Leikjakvöld eldri	20. júní
Sumaræfing yngri	26. júní
Leikjakvöld eldri	27. júní